

Sp.

689. Tillaga til þingsályktunar

um athugun kunnáttumanna á skilyrðum fyrir fiskvegi í sambandi við nýja rafstöð við Laxá í Þingeyjarsýslu.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að fela kunnáttumanni í þjónustu ríkisins að vera nú í sumar í ráðum með forstöðumanni rafmagnsmálanna um það, hversu reisa megi nýja rafstöð við Laxá í Þingeyjarsýslu og tryggja um leið góða aðstöðu til að koma upp öruggum fiskvegi fram hjá nýrri stöð.

Greinargerð.

Rafmagnseftirlitið ráðgerir að undirbúa nú í sumar byggingu nýrrar rafstöðvar fyrir Norðurland. Er búizt við, að þessi nýja stöð verði við neðsta hluta Laxárfossa, þar sem ekki hefur áður verið unnið að virkjun. Telur forstöðumaður rafmagnseftirlitsins mikinn styrk fyrir raffræðingana að njóta aðstoðar frá kunnáttumanni í laxamálum við þær ákvarðanir, sem að öllum líkindum verða gerðar í sumar, varðandi nýja stöð við Laxá. Alþingi hefur fyrr í vetur falið ríkisstjórninni að láta í sumar rannsaka hrygningarskilyrði í Laxá ofan við núverandi rafstöð hjá Brúum. Er þá mjög hentugt að láta gera báðar þessar athuganir í sömu ferð.